

Lög

Nr. 17.
8. febr.

um

viðauka við lög nr. 10, 8. september 1915, um heimild fyrir ráðherra Íslands til að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Við 1. gr. laga nr. 10, 8. september 1915, bætist:

Í reglugerð má ákveða sekt fyrir brot gegn ákvæðum hennar eða ráðstöfunum gerðum samkvæmt henni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 8. febrúar 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.